

Samstarfshópur um símenntun innan SSH
Samantekt vinnustofu 28. nóvember 2014
Kynning til sveitarfélaga innan SSH

Febrúar 2015.

Til fræðslustjóra/skólaskrifstofa sveitarfélaga innan SSH.

Þessi samantekt er unnin upp úr niðurstöðum vinnustofu um „bráðgera nemendur“ sem *Samstarfshópur um símenntun grunnskólakennara* innan höfuðborgarsvæðisins (SSH), hér áfram nefndur samstarfshópurinn, stóð fyrir þann 28. nóvember sl. í Sjálandsskóla. Á vinnustofuna var boðið aðilum sem tengdust skólanefndum grunnskólanna í sveitarfélögunum, þ.e. fulltrúum hópa sem eiga aðild að þeim eða eru áheyrnarfulltrúar, og sóttu um 60 manns vinnustofuna, skólastjórnendur, kennarar, foreldrar og sveitarstjórnarfólk. Vinnustofan gekk í alla staði vel, þátttakendur voru áhugasamir og miðluðu af reynslu sinni og sjónarmiðum. Kynningarbréf vinnustofunnar, inngangskynning vinnustofunnar og niðurstöður hafa verið settar á vef verkefnisins þar sem allir geta nálgast þau. Sjá nánar vefsíðu verkefnisins, ssh.menntamidja.is og einnig síðuna fyrir þetta verkefni sérstaklega, <http://ssh.menntamidja.is/bradgerir/vinnustofa/>.

Samantektin sem hér fylgir í kjölfarið er frekari úrvinnsla niðurstaðna sem komu fram á vinnustofunni þar sem gerð er tilraun til að setja niðurstöðurnar í frekara samhengi og leitast við að draga ályktanir af þeim. Vinnustofan var hluti af stærra ferli hjá samstarfshópnum þar sem í framhaldi hennar er vænst frekari vinnu með málefni þessa nemendahóps og þar mun samstarfshópurinn sinna frekar fræðslu fyrir grunnskólakennara sem snýr að bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum. Í því samhengi vill samstarfshópurinn benda á að hann hefur sett sig í samband við *Samtök áhugafólks um skólaþróun* um að í tengslum við ársþing samtakanna árið 2015 (í nóvember) verði haldin ráðstefna/málþing um málefni bráðgera/hæfileikaríkra nemenda. Samtökin hafa samþykkt það og mun samstarfshópurinn undirbúa hana með samtökunum. Sömu leiðis er samstarfshópurinn að undirbúa frekari fræðslu fyrir grunnskólakennara sem fari fram á árinu, vorönn eða haustönn, og er að leita til útlanda að heppilegum fyrirlesara/-urum. En samhliða því vill samstarfshópurinn draga saman efni vinnustofunnar með nokkrum ályktunum og vísa þeim til viðeigandi aðila eftir atvikum, því þó verkefni hópsins sé fyrst og fremst að sinna símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu þá telur hann mikilvægt að hugsa alla vinnu sína í samhengi við skólastarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Á vinnustofunni 28. nóvember voru þrjár spurningar lagðar fram sem grunnur umræðunnar. Við viljum við draga saman helstu niðurstöður þeirra umræðu sem grunn fyrir frekari vinnu um málefnið. Það er á ábyrgð skólasamfélags í hverju sveitarfélagi að sinna málefninu og einnig milli sveitarfélaga.

1. Hverjir eru bráðgerir nemendur og hvaða þarfir hafa þeir?

Það einkenndi umræðuna um þessa spurningu að það eru óljósar hugmyndir eða skoðanir um það hver þessi nemendahópur er sem um ræðir og hvað eiga að vera samheiti fyrir hann. Þannig er óljóst hvort eitt hugtak nái yfir þessa nemendur (bráðgerir, duglegir, hæfileikaríkir, greindir, afburða... þótt hér verði áfram verði stuðst við orðfærið „bráðgerir/hæfileikaríkir“ sem samheiti

yfir þessa nemendur til hagræðingar en ekki til stefnumótunar). Þannig eigi þessi skilgreining við nemendur sem eru:

- a. Almennt þroskaðri en jafnaldrar og geta tekist á við flóknari verkefni en þeir í daglegu skólastarfi („bráðgerir“).
- b. Námslega vel staddir og vantar meira krefjandi verkefni í skólastarfinu („duglegir“, „afburða“).
- c. Með hæfileika á afmörkuðum sviðum, og þar hefur fjölgreindarkenning Gardners veitt innblástur til skilnings („hæfileikaríkir“).

Sömuleiðis er óljóst hvernig eigi að finna „bráðgera/hæfileikaríka“ nemendur miðað við aðra nemendur sem hafa skilgreindar sérþarfir út frá ofangreindum viðmiðum (greiningarferli og –tæki í samspili við kenningar um greind, t.d. fjölgreindarkenningu Gardners). Þannig er alls ekki einhugur um það hverjir þessir bráðgeru/hæfileikaríku nemendur „eru“ sem huga þurfi sérstaklega að og þá hvernig megi koma til móts við þarfir þeirra í hverju tilviki (ef gert er ráð fyrir að þeir séu ólíkir og þurfi ekki allir það sama). Þannig snérist umræðan frekar um það að mæta sérstökum þörfum þessara nemenda sem hafa þar ítarlegri námslegar þarfir en aðrir nemendur þótt í sumum tilvikum gæti þörfum þeirra einnig verið mætt utan grunnskólanna (t.d. í lista-skólum og íþróttafélögum) frekar en HVERJIR þeir væru. En einnig að bráðgerir/hæfileikaríkir nemendur hafi ekki síður sérþarfir í því er snýr að félagslegum samskiptum (að eignast vini og halda vinatengslum t.d.) og persónulegum málum (líðan og viðhorf sem snúa að sjálfsmynd t.d.) þar sem veita þurfi sérhæfðan stuðning sem sé ekki síður mikilvægur en sá námslegi – og það sé breytilegt eftir nemendunum því hópurinn sem um ræðir sé alls ekki einsleitur og hver nemandi sérstakur sömuleiðis. Í grunnskólum þurfi því sérstaklega að sinna þessum hópi, ekki síst í góðu samstarfi við fjölskyldur nemenda og þá sjálfa (og því meira með auknum aldri þeirra og þroska).

Íslenskt grunnskólastarf kennir sig við hugmyndafræði eins og „skóli fyrir alla“, „nám við hæfi“ og „skóli án aðgreiningar“. Það verður að álíta að ekki sé búið að samhæfa þá orðræðu við sjónarmið um þarfir „bráðgerra/hæfileikaríkra“ nemenda í skólastarfi grunnskóla. Það má því ætla að talsvert meiri umræðu sé þörf innan skólasamfélagsins um málefni þessara nemenda og reynt sé að ná víðtækri sátt um kennslu þeirra. Það er grunnur þess að skólakerfið taki meiri ábyrgð á málefnum bráðgerra/hæfileikaríka nemenda. Það er verkefni sem vinna þurfi að áfram og hluti vinnustofunnar og samantektarinnar hér er að minna á það og hvetja til frekari starfsemi í grunnskólunum á þessu sviði. Því erindi er komið hér áfram til sveitarfélaganna innan SSH.

2. Hvað þarf að gera til að mæta þörfum bráðgerra nemenda í skólastarfinu varðandi nám og vellíðan og hverjir hafa þar verkefni?

Þrátt fyrir að á vinnustofunni væru óljósar hugmyndir um hverjir bráðgerir/hæfileikaríkir nemendur „séu“ var mun meiri víska um hvernig ætti að þjónusta þá. Þannig komu fram margvísleg sjónarmið og hugmyndir hvernig skólastarfið gæti mætt þörfum bráðgerra/hæfileikaríka nemenda. Margþættar tillögur litu dagsljósið og eru hér nefndar nokkrar meginlínur sem sjáanlegar voru í umræðunni á vinnustofunni:

- a. Sinna ber bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum upp allan grunnskólann og gefa þeim sjálfum áhrif í því verkefni, þar með talið nám í framhaldsskólaáföngum.
- b. Leggja ber samhliða áherslu á nám, félagsfærni og líðan þegar sjónarmiðum þeirra skal mætt í samræmi við þarfir mismunandi einstaklinga þar sem fjölbreytni er hjá þessum hópi líkt og öðrum hópum nemenda sem fá skilgreiningar með sérþarfir.

- c. Þjóða þurfi upp á fjölbreyttar námsleiðir og hvetjandi námsumhverfi með sveigjanleika í skipulagi yfir í sérhæfð verkefni sem sérstaklega séu ætluð bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum (t.d. skák, stærðfræðiþrautir, tónlistarsköpun). Þó verður að ætla að slíkt geti tengst daglegu skólastarfi í grunnskólum þótt sérhæfð verkefni verði líka í boði ætluð þeim sérstaklega.
- d. Leggja ber áherslu á „allar greindir“ í því hvaða námsleg viðfangsefni eru í boði svo styrkleikar einstakra nemenda fái notið sín í samræmi við hæfileika og sérstöðu.
- e. Huga þurfi að sérstöku skipulagi í skólastarfi sem ýti undir vinnu með bráðgerum nemendum, s.s. þjargir (t.d. fjármagn, verkfæri, greiningartæki, ráðgjöf, fræðsla), þjónustu (t.d. frá kennurum, náms- og starfsráðgjöfum, sérkennurum, skólasálfræðingum), ferlar (t.d. einstaklingsnámskrár, tengslanet, greiningarferlar) og sérstök skólaþróunarverkefni (t.d. í einstaka námsgreinum, á stigum) sem unnið sé að í skólum.

Þegar á heildina er litið má segja að það vanti ekki hugmyndir um það hvernig hægt sé að vinna með bráðgera/hæfileikaríka nemendur. Frekar séu áhöld um að í framkvæmd sé markvisst verið að sinna þessum hópi nemenda í grunnskólum á skipulegan hátt og með skýra ferla að leiðarljósi. Það stafar líklega helst af því að það er óljós, opinber stefnumótun í gangi um bráðgera/hæfileikaríka nemendur þrátt fyrir auknar kröfur í opinberu regluverki um slíkt (sjá t.d. nýja aðalnámskrá grunnskóla¹). Það kallar líklega á það að einstaka skólar sinni þróunarverkefnum á þessu sviði í samhengi við almenna skólaþróun. Og þá ekki síður fræðslu sem við teljum sem samstarfshópur um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu eigi að setja í forgang í bili.

3. Hverjar eru skyldur og ábyrgð sveitarfélaganna gagnvart bráðgerum nemendum?

Margvísleg umræða um bráðgera/hæfileikaríka nemendur hefur átt sér stað á síðustu árum og áratugum þótt það hafi meira verið jaðarumræða og bundin við einstaka verkefni, kennara eða skóla. Á margan hátt hafi skort aðkomu sveitarfélaga að þeirri umræðu. Eitt af markmiðum vinnustofunnar var einmitt að fá sjónarmið þátttakenda, skipuðum aðilum skólasamfélagsins frá öllu höfuðborgarsvæðinu, til ábyrgðar og skyldna sveitarfélaganna gagnvart „bráðgerum/hæfileikaríkum“ nemendum. Hvort vinnustofan sem slík muni hafa áhrif á þann veg á eftir að koma í ljós. Fræðslu um bráðgera/hæfileikaríka nemendur til kennara grunnskólanna þurfi að fylgja skyldur og ábyrgð hjá sveitarfélögunum út frá menntahlutverki þeirra. Um það hafi þessi þriðja spurning á vinnustofunni snúist.

Þátttakendur vinnustofunnar voru sammála um að sveitarfélögin hefðu bæði ábyrgð og skyldur gagnvart bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum, líkt og með aðra nemendur, sem ætti að sýna sig í skýrri stefnu hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, t.d. skráð í skólustefnur þeirra. Það gildi bæði um þau saman (t.d. að sameinast um kennsluráðgjafa á þessu sviði innan SSH) og í hverju sveitarfélagi fyrir sig (t.d. með útteilingu fjármagns til skóla í þessu skyni). Sömuleiðis þurfi að byggja upp tengslanet í því skyni að mæta frekar þörfum þessara nemenda, t.d. við háskóla, símenntunarstöðvar, vísindahópa, framhaldsskóla og jafnvel fleiri aðila. Sú spurning

¹ Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 43: „Bráðgerir nemendur og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika sína og nýta tímann til hins ýtrasta með því að glíma við fleiri og flóknari markmið og krefjandi nám á eigin forsendum sem er þeim merkingarbært.“

vaknar hvort slíkt sé æskilegt og þá hverjir sinni slíku, þ.e. SSH, einstök sveitarfélög eða hver skóli.

Niðurstöður vinnustofunnar benda til þess að þátttakendur hennar telji að málefni bráðgerra/hæfileikaríka nemenda þurfi að fá meira vægi í skólamálum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Samantektinni er því bæði ætlað að vera til upplýsingar og ákall í senn til sveitarfélaganna um sinna þessum málaflokki í skólamálum samhliða öðrum mikilvægum verkefnum, ýmist sér en einnig í samstarfi innan SSH líkt og tilurð þessa samstarfshóps sem stóð fyrir vinnustofunni er merki um.

Í samræmi við áherslur vinnustofunnar telur hópurinn það skyldu sína að draga saman efni hennar í nokkrar hugmyndir í tillöguformi til SSH, sveitarfélaga og skóla. Þetta eru óformlegar tillögur samstarfshópsins sem hann telur að falli að umræðunni sem var í gangi en hefur þó engan ákvörðunarrétt í þessu samhengi. Því ber að líta á eftirfarandi hugmyndir sem hluta af tillögugerð til umræðu, og jafnvel ákvarðanatöku, innan SSH, í hverju sveitarfélagi fyrir sig og innan hvers skóla.

	Stefna	Markmið	Aðgerðir
SSH	<ul style="list-style-type: none"> Að aðilar skólasamfélagsins auki umræðu sín á milli um málefni bráðgerra/hæfileikaríkra nemenda til að komast að niðurstöðu um skyldur sínar og ábyrgð gagnvart þeim. Að vera með heildstæða stefnu og fræðslu fyrir kennara um bráðgera/hæfileikaríka nemendur. 	<ul style="list-style-type: none"> Að sá hópur nemenda sem nái hæsta árangri í PISA árið 2020 verði 7-8% nemendahópsins innan SSH, í öllum námsgreinum (íslensku, stærðfræði og náttúrufræðum). Að öll sveitarfélög innan SSH hafa skýra stefnu um málefni bráðgerra/hæfileikaríkra nemenda. 	<ul style="list-style-type: none"> Að ráðinn verði kennsluráðgjafi innan SSH til að sinna ráðgjöf við kennara hér. Að næstu ár verði árlega einhver fræðsla um bráðgera/hæfileikaríka nemendur þáttur í sameiginlegri fræðslu innan SSH fyrir grunnskólakennara. Að vinna að því að búa til tengslanet á höfuðborgarsvæðinu sem geti nýst í starfi með bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum.
Sveitarfélög	<ul style="list-style-type: none"> Að sérstakt fjármagn sé frátekið til að sinna bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum. Að sjá til þess að allir skólar sveitarfélags sinni bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum sem fái sýnileika í skólanámskrá og starfsáætlun. 	<ul style="list-style-type: none"> Að ákveðnu fjármagni sem veitt er til nemenda í grunnskólum með sérþarfir fari til að sinna bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum sérstaklega. Að skólanámskrár og starfsáætlanir allra skóla séu með stefnu og aðgerðir í málaflokknum. 	<ul style="list-style-type: none"> Að ætlast til að einstakir skólar sinni bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum á skilgreindan hátt. Að formgera samstarf við framhaldsskóla sem miði að því að duglegir nemendur geti tekið formlega framhaldsskólaáfangi meðan þeir eru í grunnskóla.
Skólar	<ul style="list-style-type: none"> Að leita að og sinna bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum í daglegu skólastarfi með markvissum hætti. 	<ul style="list-style-type: none"> Að 1-2% nemenda skólans verði með einstaklingsnámskrá árið 2020 á forsendum „bráðgerra/hæfileikaríka“ skilgreininga. Að málefni bráðgerra/hæfileikaríkra nemenda fái sýnileika í skólanámskrá og starfsáætlun. 	<ul style="list-style-type: none"> Að öll þróunarverkefni sem skólae standi fyrir miði að því að mæta bráðgerum/hæfileikaríkum nemendum sömuleiðis eins og tilefni gefa til.

Með þessari samantekt hér framangreindri vildi samstarfshópur um símenntun grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu fylgja eftir verkefni sínu. Það er meginverkefni hópsins að sinna fræðslu fyrir grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við erindisbréf sitt frá fræðslustjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Það verkefni var hluti af stærra samráði sveitarfélaga innan SSH sem sveitarfélögin sammæltust um fyrir nokkrum árum. Hópurinn taldi að málefni bráðgerra/hæfileikaríkra nemenda ætti að vera verkefni hópsins skólaárið 2014-2015. Við val á því verkefni taldi hópurinn að hann ætti að sinna verkefnum sem þyrfti að veita sérstaka athygli út frá útförum höfuðborgarsvæðisins í ljósi aðalnámskrár, eins konar jarðarverkefnum í því að það væri þá ekki fræðsla sem aðrir væru þegar að sinna en væri eftir sem áður mikilvæg fyrir grunnskólastarf sveitarfélaganna. Niðurstaðan eftir samræðu innan samstarfshópsins var fræðsla um málefni bráðgerra/hæfileikaríkra nemenda í grunnskólum. Sú fræðsla er hafin, en ekki er ljóst hve lengi henni verður fylgt eftir, þ.e. í hve mörg skólaár. Með vinnustofunni vildum við átta okkur betur á því hvaða sjónarmið væru í gangi varðandi málefnið og hvort nauðsyn væri að setja þessa fræðslu í víðara samhengi. Þau sjónarmið voru í gangi á vinnustofunni að þetta sé mikilvægt verkefni og fræðsla aðeins hluti þess verkefnis. Þessi samantekt vísar þá til þess að fræðsla sem samstarfshópurinn mun standa fyrir um bráðgera/hæfileikaríka nemendur þarf að vera hluti af stærri heild og skýrri skólamálaumræðu innan SSH, sveitarfélaga þar og einstakra skóla. Í því samhengi skýrist sú áhersla samstarfshópsins að senda þessa samantekt frá sér til sveitarfélaganna, til umræðu og skoðanaskipta, jafnvel ákvarðanatöku.

Samstarfshópur um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu,


Baldur Pálsson, Seltjarnarnes


Flosi Kristjánsson, Reykjavík


Katrín Friðriksdóttir, Garðabær


Magnea Steinunn Ingimundardóttir, Mosfellsbær


Ragnheiður Hermannsdóttir, Kópavogur


Vigfús Hallgrímsson, Hafnarfjörður